

3.bekkur dans

Kennarar: Rósa Rún Aðalsteinsdóttir

Lýsing

Dansmenntun örvar og þroskar líkamsvitund, líkamslæsi og hreyfingreind nemandans.

Dans, sem skilgreint og skapandi form byggir að miklu leyti á samvinnu og er því í sjálfu sér þjálfun í félagslegri færni. Mikilvægt er að styrkja hreyfingreind nemenda í gegnum dans. Mikinn hluta þeirrar þekkingu sem börn tileinka sér í lífinu öðlast þau í gegnum líkamlega hreyfingu.

Markmið

Dansmenntun í 3.bekk leggur áherslu á líkamsvitund og að styrkja hreyfingreind nemadans í gegnum dans. Unnið er með samhæfingu, sveigjanleika og úthald.

Kennsluaðferðir

Kennari notar skapandi og listrænar kennsluaðferðir í dansi; sýnikennsla, hópavinnubrög, samræðuaðferðir, kynningar og hugarflug svo eitthvað sé nefnt.

Námsmat

Símat.

Sviðslistir fyrir 1.- 4. bekk - Dans

- Hreyft sig frjálst og í takt við tónlist í samræmi við hreyfigetu eigin líkama.
- Tengt saman hreyfingu og tónlist í dansi og virt samskiptareglur.
- Dansað einföld hreyfimyndir og notað þau í paradönsum, barnadönsum og einföldum þjóðdönsum.
- Tekið tillit til jafningja í samstarfi.
- Tekið þátt í skapandi dansferli með jafningjum undir leiðsögn kennara.